

SVEITARFÉLÖGIN OG VINDORKUNÝTING

Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs
Samband íslenskra sveitarfélaga
Vindorkufundur 9. janúar 2019





Ný áskorun fyrir sveitarfélögin

Innlendir og erlendir aðilar hafa sýnt áhuga á nýtingu vindorku

Kallað m.a. eftir skuldbindandi yfirlýsingum frá sveitarfélögum og landeigendum

Sveitarfélög hafa:

- Kallað eftir leiðsögn um afgreiðslu slíkra erinda
- Undirbúið eigin stefnu við gerð ASK – sérrit um vindorkunýtingu
- Kallað eftir heildstæðu lagaumhverfi, sbr. skýrslu starfshóps og erindi Steinunnar Fjólu Sigurðardóttur.

Skýr vilji sveitarfélaga að ákvarðanir um uppbyggingu vindorkuvera byggist á langtímasýn, á grundvelli skipulags.



Framtíðarsýn um ákvarðanatökufæri

- Hófleg uppbygging vindorkunýtingar verði markmið stjórnvalda
 - Orkan frá vindmyllum er í eðli sínu ein sú umhverfisvænasta sem hægt er að afla
 - Hver er þörfin fyrir þær og eru sjónræn áhrif þeirra ásættanleg?
 - Hvað með hljóðmengun og áhrif á fuglalíf?

Vandað verði til staðarvals vindorkuvera. Til hliðsjónar liggi:

- Leiðbeiningar Skipulagsstofnunar
- Stefna skv. endurskoðaðri landsskipulagsstefnu
- Stefna í ASK og almenn skynsemi heimamanna
- Heildstætt regluverk, byggt á fyrirmyndum frá nágrannaþjóðum

Mest hagkvæmni næst ef vindmyllur eru staðsettar margar saman og í grennd við aðrar virkjanir



Rammaáætlun og vindorka

Eingöngu horft á vatnsafl og jarðvarma við gerð löggjafar

- Flutningskerfið ekki hluti af áætluninni

Of mikil pólitísk afskipti skapa hættu á að eyðileggja ferlið og valda kyrrstöðu í orkunýtingu

- Getur skaðað önnur áform stjórnvalda, m.a. um orkuskipti í samgöngum og iðnaði

Ætti að horfa til þess að stór vindorkuver (>50 MW) falli undir rammaáætlun?

- Minni vindorkuver verði þá tilkynningarskyld skv. MÁU og sveitarstjórnir taki ákvörðun um framkvæmdaleyfi, án aðkomu verkefnisstjórnar rammaáætlunar
- Þetta myndi draga úr hættu á að byggðir verði litlir vindlundir á víð og dreif, með neikvæðum áhrifum á landslag.



Til umhugsunar

- Er eðlilegt að friðlýsingar skv. rammaáætlun útiloki vindorkunýtingu á stórum landsvæðum?
- Á vindorkunýting að vera útilokuð innan náttúruverndarsvæða og á jöðrum slíkra svæða?
- Vega hagsmunir ferðaþjónustunnar of þungt í umræðu um vindorkunýtingu?

Hvaða áhrif hefði sæstrengur til Evrópu á nýtingu vindorku?





Fasteignaskattar af vindorkuverum

Þann 30. nóvember 2017 féll úrskurður yfirfasteignamatsnefndar (YFM) í máli Skeiða- og Gnúpverjahrepps gegn Landsvirkjun.

Bókun stjórnar sambandsins frá 15.12.2017:

- *Stjórn sambandsins telur úrskurðinn undirstrika að brýnt er að fækka án tafar undanþágum frá fasteignamati, sbr. 26. gr. laga um skráningu og mat fasteigna. Niðurstaða yfirfasteignamatsnefndar, þar sem um 80% mannvirkis er undanþegið fasteignamati, er óásættanleg fyrir sveitarfélög og felur að óbreyttu í sér verulegt tekjutap fyrir þau til framtíðar litið, ef nýting vindorku til raforkuframleiðslu eykst.*
- *Að áliti stjórnarinnar er mikill vafi um hvort gildandi löggjöf samræmist ríkisstyrkjareglum Evrópuréttar. Stjórnin beinir því til ráðherra sveitarstjórnarmála að hann leggi fram lagafrumvarp um fækkun undanþága, þar sem lögð verði sérstök áhersla á að raforkumannvirki verði skattandlag.*



Leiðbeiningar til sveitarfélaga

Gagnlegt efni fyrir sveitarstjórnir:

Leiðbeiningar Skipulagsstofnunar um [skipulag og vindorkunýtingu](#) (2017)

[Skýrsla starfshóps](#) um lagaumhverfi vindorkuvera (2018)

Rit Landverndar – [VirkJun vindorku á Íslandi](#) (2018)

Skýrsla ANR til Alþingis um [nýjar aðferðir við orkuöflun](#) (2018)

[Aðalskipulag Snæfellsbæjar](#) 2015-2031

[Aðalskipulag Rangárbings ytra](#) 2016-2028 (auglýsing)

Skýrsla EFLU um [stefnumótun og heildarnýtingu vindorku í Dalabyggð](#)

[Álit Skipulagsstofnunar um Búrfellslund](#) (2016)

Lykilatriði að tillögur um lagfæringar á lagaumhverfi komi til framkvæmda og leiðbeiningar Skipulagsstofnunar verði jafnframt uppfærðar.